

1. fundur skólaráðs skólaárið 2020-2021 - 6. október kl. 14:10

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Svala Fanney Njálisdóttir, Hermann Gunnar Jónsson, Heiða Björk Pétursdóttir, Birgir Már Birgisson, Sigurður Baldur Þorsteinsson, Elmar Ingi Gunnþórsson og Ólína Helga Sigþórsdóttir

Hólmfríður Björnsdóttir var fjarverandi.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Svala Fanney Njálisdóttir

1. Funda- og starfsáætlun ráðsins yfirfarin

Funda- og starfsáætlun ráðsins var yfirfarin og samþykkt samhljóða.

2. Skipulag og áherslur skólaársins

Verið er að þróa nýtt kennsluskipulag við skólann en teymiskennsla var innleidd nú í haust og var Ingvar Sigurgeirsson fenginn til ráðgjafar við starfsfólk.

Fulltrúar nemenda tala um að þeim finnist 80 mínútna námsloturnar ívið of langar. Málinu verður komið á framfæri. Rætt var um að áhersla ætti að vera á upplýsingatækni og fjölbreytta kennsluhætti.

Önnur breyting á skólahaldi er að nú hefst dagurinn á lestrarstund og í framhaldinu er hreyfistund sem fram að þessu hefur verið göngutúr. Þá er einnig boðið upp á hafragraut í morgunmat að honum loknum. Fulltrúar nemenda eru ánægðir með að boðið sé upp á morgunmat en tala um að þetta sé einum of einhæft og að þau vildu gjarnan fá annað slagið morgunkorn eða ristað brauð. Þá er almenn ánægja með morgungönguna á meðal allra fulltrúa. Samhliða þessum breytingum var stundatöflunni breytt og eru nú allir nemendur frá 8:20-14:00

3. Skóladagatal / Viðburður vetrarins

Ákveðið var að prufa að hafa vetrarfrí í byrjun mars en að öðru leyti er skóladagatalið með hefðbundnu sniði.

Grenivíkurskóli verður 40 ára 13. október og verður hátíðardagskrá í skólanum seinnipartinn að því tilefni.

Skólinn sótti um styrk til Sæness til að útbúa tónlistarherbergi og er búist við að styrkurinn verði veittur á hátíðinni.

Við erum bjartsýn á að geta haldið uppi eðlilegu skólahaldi og boðið upp á fleiri viðburði í skólanum en verið hefur vegna Covid.

Í tilefni evrópsku hreyfivikunnar var íbúum boðið að koma og taka þátt í morgungöngunni með nemendum og fá sér kaffi á eftir og mæltist þetta mjög vel fyrir. Rætt var um að bjóða upp á þetta reglulega, kannski einu sinni í mánuði. Tekið vel í þá hugmynd.

Verið er að endurskoða framkvæmd samræmdra prófa og við bíðum átekta.

4. Starfsáætlun 2021-2022

Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu skólans og eru þar allar helstu upplýsingar um skólann og hans starfsemi. Sem dæmi eru upplýsingar um valgreinarnar en tekið hefur verið upp nýtt skipulag í þeim efnum og er miðstigi nú boðið upp á valgreinar. Vetrinum er skipt upp í fjórar lotur og nemendur velja sér eina grein fyrir hverja lotu.

5. Áætlun um innra mat

Áætlun um innra mat er tilbúin.

Starfsfólk skólans fór í heimsókn í Árskóla á Sauðárkrók á dögnum og þar var kynnt innra mat skólans sem hefur innleitt og yfirfært frá Skotlandi. Starfsfólki leist mjög vel á það og áhugi á að skoða það frekar.

6. Önnur mál

a. Húsnæði og leiksvæði

Farið var í endurnýjun á þakinu á skólahúsnæðinu í sumar sem var orðið aðkallandi. Hins vegar lekur ennþá í íþróttahúsinu. Þá er verið að gera við lagnir í forstofu sem voru farnar að leka. Mikilvægt er að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi svo að það verði ekki frekari skemmdir. Það leiðir hins vegar til þess að mögulega þarf að slá öðrum framkvæmdum á frest, s.s. leiksvæði, á meðan. Rætt er um hvort að það þurfi ekki frekari framtíðarsýn fyrir leiksvæðið áður en farið er í stórar framkvæmdir, t.d hvort skoða ætti byggingu leikskóla við skólann og sameiginlegt leiksvæði þá í tengslum við það. Rætt um að koma þessu á framfæri við sveitarstjórn og athuga hvort þetta sé eitthvað sem er raunhæft að skoða. Ef ekki að þá er hægt að slá það út af borðinu og skoða leiksvæðið þá bara í tengslum við skólann sem slíkan. Rætt um að þetta séu auðvitað bara hugmyndir og jafnvel draumórar, enda mjög fjárfrekar framkvæmdir, en nauðsynlegt að ræða og fá framtíðarsýn til næstu áratuga í þessum efnum.

Lögboðin aðalskoðun leiksvæðisins var framkvæmd af BSI í sumar og voru allmargar athugasemdir í lokaskýrslunni.

b. Búnaður, tölvur og tæki o.s.frv.

Aukin áhersla hefur verið á upplýsingatækni og í kjölfarið vangaveltur um hvaða áherslur ætti að leggja í tækjavæðingu. Í Árskóla býðst nemendum að kaupa iPad á móti skólanum sem nemendur fá síðan til eignar eftir ákveðinn tíma. Sama gildir um tækjakaup starfsfólks. Fulltrúar nemenda eru mjög ánægðir með aðgang að Chromebook og nota þær mikið til að gera og skila ritunarverkefnum. Rætt var um hvort að iPadar byðu mögulega uppá fjölbreyttari kennsluhætti og verkefnaskil. Rætt um að marka þurfi stefnu í þessu og vega kosti og galla hverrar leiðar.

c. Covid-mál

Höldum okkar striki og gætum að persónubundnum smitvörnum. Aukin smit á Norðurlandi og nær okkur en verið hefur. Biðlað hefur verið til foreldra að senda börn ekki skólann séu þau með einkenni og fara í skimun. Taka þarf á málunum strax ef að smit kemur upp og að öllum líkindum þyrfti að loka skólanum í stuttan tíma til að komast fyrir það.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 14:55.